

Öryggisforysta, öryggismenning og öryggisárangursvísar. Vinnubúðir á vegum Rannsóknamiðstöðvar ESB 16-19.3, 2010.

FD 4 bls.

Haldnar í IPSC, Almanna- og öryggisstofnun ESB í Ispra á Ítalíu, en Skrifstofa stórslysavarna vegna efna (MAHB) er hluti af þeirri stofnun. Þessar stofnanir og margar fleiri eru í JRC, sameiginlegu rannsóknamiðstöðinni, í Ispra. Friðrik Daníelsson sótti vinnubúðirnar af hálfu Vinnueftirlitsins. Stærsti hópur gesta var frá eftirlitsstofnunum en einnig frá olúfélögum, efnaiðnfyrirtækjum, tryggingarfélagum og verkfræði- og ráðgjafastofum.

Haldin voru 21 erindi og skiptust erindin í flokka:

- 1-Forysta fyrirtækja sem drifkraftur til að ná árangri í öryggismálum og til varnar efnaslysum.
- 2-Öryggismenning
- 3-Öryggisárangursvísar.
- 4-Athugun tilfella og lærdómar

1-Forysta

Flynn, forstöðumaður hjá BP á sviði HSSE, flutti fyrsta erindið. Það var slysið í olúhreinsunarstöð BP í Texas City sem varð tilefni vinnubúðanna. CSB rannsakaði slysið og var James Baker, fyrrverandi ráðherra í Bandaríkjastjórn, formaður rannsóknarnefndarinnar. Flynn sagði að PB hefði lagt af stað í ferð til að draga úr stórslysaáhættu sem fólst í að “gefa tóninn á toppnum” í forystu fyrirtækisins, koma á fót úrbótaáætlunum og starfi að öryggismálum. Fyrst var farið í staðlaðar aðgerðir til þess að minnka bráðahættur en síðan í að efla Öryggisstjórnkerfið, þar á eftir að byggja upp getu í stjórnkerfinu og síðast í að breyta menningu fyrirtækisins. Í þessari “menningarbyltingu” fólst umfangsmikil menntun og námskeiðahald, skoðun ferla og skoðun öryggisárangursvísa. Árangur er farinn að sjást: Á árinu 2009 varð ekkert dauðaslys.

Ræðumaður lýsti tólum til að meta öryggismenningarstig fyrirtækis: Tröppur eru upp í átt að fullkomnun, frá neðstu tröppu til þeirrar efstu, í stiga öryggismenningar, eru þrepin: Sjúkleg. Treg. Útreiknandi. Virk. Skapandi.

Taldi ræðumaður BP vera að komast efst í stigann. Sagði hann að forustan væri virk, öryggisstjórnunin væri orðin innifalin í rekstrarkerfi fyrirtækisins og menningarbreyting hefði orðið.

Í athugasemd frá starfsmanni belgíska vinnueftirlitsins kom fram að margir öryggisárangursvísar hafðu bent til að öryggismál BP hafi verið í miklum ólestri þegar slysið varð í Texas City þó að fyrirtækið sjálft og eftirlitsaðilar virðist ekki hafa verið meðvitaðir um það. Nefndi hann mörg slys og eldsvoða því til stuðnings. Ekki komu viðbrögð við þessari staðhæfingu heldur var umræðu skotið undir annan lið en var þó ekki tekin upp aftur.

Schmelzer frá Bayer sagði frá skoðunum efnaiðnaðarins á öryggisárangri í rekstri verksmiðja, en í heild sinni hefur efnaiðnaðurinn náð góðum árangri í því. Hann sagði að venjulegir öryggisárangursvísar væru ekki nægilegir til þess að byggja á eflingu öryggis. Sagði hann að reynsla iðnaðarins hefði sýnt að vinnuvernd (OSH) gæfi fé í aðra hönd. Hann sagði að fyrirtækjaforustan yrði að vera leiðandi í öryggismálum. Við gerð öryggisstjórnkerfa hefði komið í ljós að sterk forysta væri mikilvæg.

Travers frá HSE sagði skoðun þeirrar eftirlitsstofnunar á virkri öryggisforustu fyrirtækja: Hvert væri hlutverk forustunnar og einnig vinnumarkaðssamtaka og fagsamtaka. Hann sagði að forsenda væri að forysta fyrirtækjanna markaði skýra stefnu í framleiðsluöryggi sem væri almennt þekkt og nyti stuðnings innan fyrirtækisins. Hann benti á “rauðu bókina” um málefnið sem væri aðgengileg hjá HSE.

Van Roden frá verkfræðistofunni Oranjewoud fjallaði um hvort öryggisárangursvísar segðu eitthvað um öryggisforystu fyrirtækja. Taldi hann að það færi eftir mörgu og væri ekki einhlýtt. Hann sagði frá þrennskonar fyrirtækjum í þessu sambandi. Oft væri það drifkraftur að forstöðumenn skömmuðust sín fyrir að hafa öryggismálin í lagi. Janssen frá Corus-stálfyrirtækinu lagði fram þá kenningu að fyrirtækið og stjórnendur þess þyrfti að gefa sínum starfsmönnum ramma þar eð reglur dræpu umbótahugmyndir, frumkvæði, vilja, sköpunarkraft og, mikilvægast, eign og ábyrgð á þróunarferlinu. Hann undirstrikaði að þátttaka þeirra sem eru í mestri áhættu væri mikilvægust. Fyrirtækið hefur kröfur um kerfisbundna aðkomu stjórnenda og kerfi um skráningu aðal öryggisárangursvísa. Sagði hann fyrirtækið hafa náð góðum árangri í öryggismálum.

2-Öryggismenning

Lardner frá Keil Centre sagði frá hvernig þrjú stórfyrirtæki fóru í verkefni um að styrkja sína öryggismenningu. Þróað var kerfi til að auka öryggishugsun allra starfsmanna, frá stjórnendum og niður. Lýsti hann hvernig öryggishegðun sérstakra starfsmannahópa hefði áhrif á aðra hópa fyrirtækjanna. Árangurinn varð fækkun tilfella og alvarleiki þeirra varð minni. Einnig batnaði orðstír fyrirtækjanna Irene Dahle frá norsku olíuöryggisstofnunni (PSA) sagði frá “HSE and Culture” (heilsa, öryggi, umhverfi og menning) sem er umfjöllunarefni bæklinga frá stofnunni. Ný reglugerð um olíuöryggishegðun kom í Noregi 2002 og er þar kveðið á um að fyrirtækin verði að hafa heilbrigða heilsu-, öryggis og umhverfismenningu. Áherslan er á einstaklingsöryggi frekar en ferlisöryggi. Sagði hún frá öryggisfimmhyrningnum. Snorre-slysið (gas blowout) nefndi hún sem dæmi þar sem ekki var búið að innifela öryggisstjórnkerfið í kerfi Statoil, ekki var farið eftir reglum og öryggisforystunni hefði verið ábótavant. Hún sagði að PSA hefði búið til rit: Rammi fyrir öryggisforustu fyrir verktaka.

Butler frá HSE sagði frá tóli (aðferð) til þess til þess að meta öryggisloftslag (þ.e. hugsunarhátt) í rekstri iðnferla en HSE er að þróa þessa aðferðafræði og er hún ætluð til nota fyrir fyrirtæki, innan þeirra. Sagði hann að framleiðsluöryggi væri blanda af verkfræði og stjórnun: Varnir gegn leka, tækjabilun, yfirþrýsting, ofhitun, tæringu, málmþreytu og öðru svipuðu.

Taylor frá Bristolháskóla sagði frá athugun og greiningu á tíu tilvikum úr iðnaði. Gekk rannsóknin út á að bera saman skipulagslega og menningarlega undanfara tilvikanna. Markmiðið er að búa til forrit að tóli (aðferð) til þess að til þess að meta hve mikil hætta steðjar að mismunandi stjórnkerfum um skipulagsleg slys (þ.e. slys sem vankantar í skipulagi vinnustaðanna valda).

Niemitz frá Clariant spurði hver væru helstu atriðin sem ákvörðuðu öryggisárangurinn. Öryggisárangursvísarna taldi hann erfitt að túlka rétt og oft þyrfti mikinn kostnað til að fá fram breytingu í rétta átt, því þyrfti frekar að finna þá rekstrarþætti sem væru afgerandi fyrir öryggið.

De Bruyn, framkvæmdastjóri öryggisstjórnkerfa og vélgæða hjá olíufélaginu Total sagði frá öryggismenningu fyrirtækisins og reynslu sinni af uppbyggingu og styrkingu þess. Þar er samhæft öryggisstjórnkerfi og er meðal annars notuð jafningjaskoðun til

að tryggja gæði. Hann sagði að hann sem yfirmaður öryggismála færi milli starfsstöðva og færi yfir öryggisstjórnkerfið á hverjum stað en hver starfsstöð þarf séraðlagað öryggisstjórnkerfi. Taldi hann að 3 atriði mikilvægust: Hönnun, skipulag, menningu. Við gerð öryggisstjórnkerfa þyrfti að leggja áherslu á forystuna en ekki síst þátttöku starfsmanna og sjálfmat.

3- Öryggisárangursvísar

Gray frá HSE sagði frá reynslu af stórslysavarnaskyldum starfsstöðvum hættulegra efna. Hann sýndi “grænbók” HSE um hvernig ætti að þróa ferlis-öryggisvísa. Hann sagði að HSE athugaði stefnu og aðferðir forystu starfsstöðvanna og hefði þróað ýmiss töl til þess að meta stöðuna í vörnunum gegn stórslysum.

Graaf frá Beatrix sjúkrahúsinu ræddi muninn á iðnaðargeiranum og sjúkráþjónustunni. Hún sagði 6 manns deyja á dag í sjúkrahúsum Holland að óþörfu. Hún lýsti 11 grunnþáttum sem sjúkrahúsin sinni í öryggismálum, m.a. þjálfun, skipulagi, samskiptum og verkferlum.

Bellamy frá White Queen sagði að ferlis-öryggisárangursvísar væru ekki alltaf nægilegir en að þegar þeir (PSPI) væru hluti af að því að læra af reynslunni og væru þeir notaðir vel í upplýsingaskyni væri árangurinn stöðug framför. Hún sagði að ekkert samband væri á milli vissa öryggisárangursvísa, s.s. fjölda lekatilvika og fjölda áverka. Hún lagði áherslu á að skipuleggja þurfti lærdómsferlið ef ná ætti árangri. Stjórnkerfi fyrirtækjanna verður að vera virkt í öryggismálum.

Robinson frá Marsh Energy fjallaði um skoðun tryggingarfélaganna á notkun KPI (aðalöryggisárangursvísa). Hann sagði frá aðal öryggisárangursvísunum og hvernig þeir væru notaðir í olíu og olíuefnaiðnaðinum. Hann lagði áherslu á að svo mikið væri til af aðgengilegum upplýsingum um tilvik að þeir sem ekki ná árangri hefðu aðeins mistekist að læra af uppsafnaðri og skráðri reynslu. Svo virtist sem tryggingafélögin taki frekar lítið tillit til KPI þegar samið er um tryggingaiðgjöld en að tryggingafélögin meti sjálf ástandið og þá séu margir fleiri þættir skoðaðir, m.a. öryggismenning og öryggisstjórnkerfið en einnig er gerð sjálfstæð áhættugreining (QRA). Hann lagði áherslu á að breytingastjórnkerfið (sem er mikilvægur hluti af öryggisstjórnkerfinu) væri mikilvægt fyrir tryggingafélögin. En tryggingaiðgjöld hafa verið að lækka undanfarið sem stafaði meir af framboði fjármagns en minnkandi áhættu.

Sudgen frá HSE lýsti hvernig HSE notar öryggisárangursvísa (SPI) til þess að meta stórslysavarnarskyldar starfsstöðvar á sviði sprengiefna en þar hafa orðið fá slysatilvik. Leiðbeinandi (leading) vísar gefa vísbendingu um árangur af ákveðnum þáttum áhættustjórnunar en eftirá (lagging) um tilfelli sem hafa gerst á hverjum stað. Um 100 starfsstöðvar af þessari tegund eru í Bretlandi. Skoðaði HSE aðallega hvernig starfsstöðvarnar fóru að því að farga sprengiefnum á brennslusvæðunum og telja að það gefi vísbendingu um öryggismenningu starfsstöðvanna.

Mazri frá INERIS í Frakklandi sagði frá hvernig hagsmunaaðilar geti notað öryggisumhverfsvísa. Hann ræddi náttúruhamfarahættur og hvernig mætti verjast þeim með kerfisaðgerðum. Hann ræddi einnig um hvort væri hægt að nota aðferðir vísindamanna við gerð öryggisstjórnkerfa, sk. jafningjamat. Í umræðum og af eftirfarandi ræðumönnum var að skilja að sú aðferð gæti verið varasöm, m.a. vegna þess að hún hamlaði nýsköpun og ferskri hugsun. Í umræðunni á eftir kom fram sú skoðun að dagbók óhappatilvika ætti að liggja frammi í stjórnstöð starfsstöðvanna.

4-Lærdómar

Wilkinson frá HSE sagði frá eftirlitsstörfum í stórslysavarnaskyldum starfsstöðvum og sérstaklega í þeim sem hafa lélega öryggismenningu og þar sem verið hafa vandamál fyrir eftirlitsstofnanir við að fá stöðvarnar til að framfylgja reglum. HSE hefur verið að þróa aðferðafræði (tól) til þess að hafa eftirlit með slíkum stöðvum. Aðferðin er mannaflafrek og aðeins notuð við erfiðustu stöðvarnar en byggist á vísindalegum aðferðum um öryggi og skipulagsmenningu fyrirtækja. Forysta fyrirtækjanna er lykilaðili við að ná fram árangri.

Vlokva frá Vinnurannsóknastofnunni í Tékklandi sagði frá hvernig öryggisárangursvísar væru notaðir í framkvæmd þar í landi þegar kemur að vinnuvernd og öryggisstjórnkerfum. Búin hafi verið til samhæfð þekkingarkerfi fyrir vinnuvernd og stórslysavarnir. Hún sagði frá áhersluatriðum um þarfir öryggisverkfræðinga og stjórnenda fyrirtækja til að árangur náist í öryggisstjórn.

Hailwood frá Baden-Württemberg umhverfisstofnunni sagði frá framkvæmd Seveso-reglnanna. Í Þýskalandi væru margar starfsstöðvar sem erfitt væri að fá til að uppfylla Seveso reglurnar og beittu þeir alls kyns undanbrögðum sem hann lýsti. Stærri efnaiðnaðarfyrirtækin og talsverður hluti meðal og minni hafa þó náð góðum árangri í öryggi og eru með góða öryggisforystu en mörg fyrirtækin hafa hvorki skilning á öryggisforystu yfirmanna né öryggismenningu fyrirtækisins. Mörg þessara fyrirtækja treysta á eftirlitsmenn til þess að segja ef eitthvað er að. Þörf er fyrir menntun og þekkingarfærslu til þessara starfsstöðva.

Beale frá BASF sagði að framleiðsluöryggisvísar væru handhægir í notkun. Hann sagði að afkastameiri upplýsingasöfnun um atvik væri forsenda betri notkunar þessara vísa. Þetta ætti við bæði um skammta- og flæði-ferli í efnaframleiðslunni.

Helstu niðurstöður. Samhljóða áhersla flestra þátttakenda vinnubúðanna var að öryggisforysta stjórnenda fyrirtækja væri lykill að árangri ef ná ætti fram öryggismenningu sem gæti dafnað og gefið árangur í minni tíðni slysa. Vaxandi áhugi og skilningur er á öryggismenningu fyrirtækja en miklu verki er enn ólokið. Einnig er vaxandi þekking á hvernig á að efla hana og er ljóst að forysta fyrirtækjanna verður að taka afgerandi skref og frumkvæði í þá átt enda um að ræða aðgerðir og kostnað, m.a. menntun og þjálfun, endurbætur stjórnkerfa og tæknilegar úrbætur á búnaði. En einnig þarf til að koma áhersla á að breið þátttaka starfsmanna sé í sköpun öryggismenningar fyrirtækja. Hætta er á að upplýsingakerfin sem notuð eru til að fá fram öryggisvísa og upplýsingar er varða öryggismál gefi ekki rétta mynd og er því nákvæmni og óskilyrtur heiðarleiki, að draga ekkert undan, skilyrði í gagnahaldi um öryggisárangur og öryggisárangursvísana (SPI). Öryggisárangursvísar eru nothæfir aðeins ef öryggisforustan og öryggismenningin standi föstum fótum og heiðarleiki séu í heiðri hafður við skráningu og sjálfsmat. Í máli margra koma fram áhersla á að verktakar og þeirra störf væru tekin með í menningarsköpunina um öryggismálin.